



Reykjavík, 14. mars 2022

Efni: Veiðistjórn sandkola og hryggleysingja (349. mál)

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (samtökin) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn sandkola og hryggleysingja). Í frumvarpinu er lagt til að úthluta með sérstökum hætti aflahlutdeild til veiða á sæbjúgum. Þá er einnig lagt til að útfæra aflamarksstjórnun sandkolaveiða á stærra svæði en nú er gert.

Af þessu tilefni vilja samtökin koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Svæðisbundið aflamark fyrir staðbundna nytjastofna hryggleysingja:

Samtökin telja það almennt mikilvægt að veiðum sé stjórnað samkvæmt aflamarki byggt á aflahlutdeild. Í frumvarpinu er ráðherra gefin heimild til að hlutdeildarsetja staðbundna stofna niður á svæði í stað þess að ein hlutdeild gildi fyrir landið í heild. Samtökin styðja að ráðherra fái slíka heimild en ítreka mikilvægi þess að fyrir liggi skýr og málefnaleg skilgreining á þeim hugtökum sem til grundvallar eru lögð við ákvörðun hlutdeildarsvæða fyrir hvern stofn fyrir sig. Tryggja þarf að í raun sé um afmarkaða og aðskilda stofna að ræða þannig að ekki sé dregið strík í gegnum samfellt útbreiðslusvæði nytjastofns með sameiginlega tímgun og nýliðun og hlutarnir kallaðir staðbundnir nytjastofnar á ómálefnalegum forsendum. Sá vandi hefur einmitt verið uppi er varðar sæbjúgnaveiðar. Þannig er nauðsynlegt að þrátt fyrir að veiðiálagi við sæbjúgnaveiðar sé stýrt eftir svæðum að þá sé hlutdeild til sæbjúgnaveiða á hvoru svæði fyrir sig austan og vestan ein og hin sama og verði ekki sundurslitin.

Sjórn sæbjúgnaveiða:

Unnið af SFS og fulltrúum eftirtalinna fyrirtækja sem stunda sæbjúgnaveiðar á Íslandsmiðum: Aurora Seafood ehf., Hafnarnes – VER hf., Völ ehf., Vestfiskur Flateyri ehf., Ebba útgerð ehf., Emel ehf. og Royal Iceland hf. Þessi fyrirtæki hafa lagt ómældan kostnað og fyrirhöfn í að hefja sæbjúgnaveiðar hér við land og telja miðað við stöðuna sem er uppi núna að úthluta beri aflahlutdeild samkvæmt almennum reglum og í því samhengi horfa til þeirra fyrirtækja sem öfluðu sér veiðireynslu á grundvelli laganna.

Nauðsynlegt er að áunnin réttindi hljóti viðurkenningu og myndi grunn að hagkvæmri nýtingu sæbjúgna á Íslandsmiðum. Varanleiki veiðiheimilda og þar með fyrirsjáanleiki í rekstri er lykilþáttur til að tryggja afkomu veiðanna og rekstraröryggi fyrirtækja, atvinnuöryggi starfsmanna, vöruþróun, nýsköpun, markaðssókn, fjármögnun og lánakjör fyrirtækjanna. Mikilvægt er að hvetja til langtímahugsunar og ábyrgar umgengni um nytjastofna.

Með frumvarpinu er lagt að úthluta með sérstökum hætti aflahlutdeild til veiða á sæbjúgum byggt á svæðaskiptingu og veiðireynslu. Útfærsla samkvæmt frumvarpinu er með þeim hætti að setja



skal sjálfstæða aflahlutdeild til sæbjúgnaveiða á hvoru veiðisvæði annars vegar vestan 20° V og hins vegar austan 20° V.

Vakin skal athygli á því að veiðireynsla sem leggja á til grundvallar hlutdeildarsetningar er fengin bæði innan og utan þeirra veiðisvæða sem skilgreind eru í reglugerð nr. 741/2019. Nýjustu rannsóknir benda til að hreyfanleiki sæbjúgna sé mun meiri en áður var talið. Einnig er þekkt í sæbjúgnaveiðum að nauðsynlegt sé að hvíla veiðisvæði í kjölfar veiða áður en þau geta aftur gefið af sér góðan afla og kann þetta að stafa meðal annars af ferðum sæbjúgna sem viðbragðs við veiðunum auk beinna áhrifa á fjölda dýra. Af þessu leiðir að nauðsynlegt er að hafa sveigjanleika í svæðanotkun sæbjúgnaveiða. Samkvæmt frumvarpinu er ætlað að skipta hlutdeild með sama hætti á öllum veiðisvæðum vestan 20° V og austan 20° V.

Í ljósi ofanritaðs líta samtökin svo á að ætlunin með umræddu ákvæði sé sú að hlutdeildarsetningin verði staðbundin með tveimur meginsvæðum, austan lands og vestan, og veiðar á nýjum bleiðum utan reita og milli reita sem afmarkaðir hafa verið innan þessara svæða stjórnist á grundvelli sömu aflahlutdeildar. Að því gefnu að þessi skilningur sé réttur styðja samtökin að þessi leið verði farin í stjórn sæbjúgnaveiða og styðja framkomið frumvarp.

Mál þetta hefur verið lengi til umræðu og hefur málið eðli máls samkvæmt orðið þroskaðra. Hins vegar hafa þau veiðisvæði sem veiðar á sæbjúgum eru stundaðar á breyst nokkuð á þessum tíma. Veiðisvæði sæbjúgna eru átta talsins og merkt með bókstöfum A til H. Þetta hefur leitt til þess að toglód veiðiskipa getur skarast á milli tveggja veiðisvæða. Að mati samtakanna ætti atvinnuveganefnd að athuga hjá Hafrannsóknarstofnun hvort það væri rétt að sameina ákveðin veiðisvæði sem stofnunin veitir ráð um með tilliti til veiðislóða skipa.

Hlutdeildarsetning í Sandkola:

Í frumvarpinu er lagt til að fylgt verði þeirri ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar að aflamark til sandkolaveiða nái til allra veiðisvæða við landið en einskorðist ekki við svæði sunnan tiltekinnar marka eins og nú er. Samtökin telja mikilvægt að farið verði að þessari ráðgjöf.


Í tengslum við umræður um hlutdeildarsetningu lítilla nytjastofna sem finna má í framvarpsskjalinu vilja samtökin ítreka margframkomna ábendingu sína um að afar brýnt sé að efla hafrannsóknir á Íslandsmiðum. Þetta er sérstaklega skýrt þar sem stofnar svo sem sandkoli eiga í hlut. Vöntun á vitneskju til ákvarðanatöku um aflamagn skaðar verðmætasköpunina, hvort heldur sem heimilaðar eru of litlar eða of miklar veiðar.

* * *

Samtökin áskilja sér jafnframt rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllt

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi


Heiðmar Guðmundsson


Kristján Þórarinnsson

